

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/100*  
*komudagur 16.11.2005*

Sæl Elín Valdís. Skv. beiðni Svanhvítar Jakobsdóttur, skrifstofustjóra, sendi ég heilbrigðis- og trygginganefnd eftirfarandi upplýsingar.

2001-2004:

Skv. þjónustusamningi milli Reykjalundar og HTR, (sem í gildi var frá 1/1 2001 - 31/12 2004), var á næringarsviði sinnt 25 sjúklingum á ári með lífshættulega offitu og voru gagnert lagðir inn á Reykjalund til meðferðar.

Markmiðið: að stuðla að lífsstíls- og lífsháttabreytingum hjá einstaklingum með offitusjúkdóma og að þeir viðhaldi árangri megrunar.

2005:

Þjónustusamningnum var framlengt óbreyttum út árið 2005 en þó var samþykkt eingreiðsla vegna offitumeðferðarinnar fyrir um 35-40sjúklinga til viðbótar nú á þessu ári þ.e. að Reykjalundur fær fjárveitingu til að sinna 60-65 sjúklingum með lífshættulega offitu á árinu 2005.

2006:

Nýr þjónustusamningur, sem er á lokastigi, tekur mið af yfirlýsingu um samstarf milli Landspítala - háskólasjúkrahúss og Reykjalundar og er rekstrargrunnur hækkaður þannig að Reykjalundur geti á árinu 2006 sinnt um 70- 80 sjúklingum með lífshættulega offitu.

2007:

Nýr þjónustusamningur gerir ráð fyrir að á árinu 2007 verður rekstrargrunnur stofnunarinnar hækkaður enn þannig að stofnunin geti sinnt um 90-110 sjúklingum með lífshættulega offitu.

---

Markmiðið með þessari meðferð skv. drögum að nýjum þjónustusamningi er að næringarsvið Reykjalundar sinni forskoðun, mati og meðferð m.a. til undirbúnings hluta þeirra sjúklinga fyrir aðgerð á LSH og endurhæfingu og eftirfylgd lækna og meðferðarteymis á Reykjalundi í allt að tvö ár eftir aðgerð.

---

Í yfirlýsingu um samstarf milli LSH og Reykjalundar er gert ráð fyrir að 90-110 sjúklingar komi til forskoðunar og meðferðar á Reykjalundi á ári hverju og að 70-80 þeirra þurfi að fara í aðgerð á LSH.

Með kveðju

Pálína

-----  
Pálína Reynisdóttir, viðskiptafræðingur / Head of Division  
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið / Ministry of Health and Social  
Security